

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 30. mars 1987

**sem breytir tilskipun 75/716/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um brennisteinsmagn í tilteknu fljótandi eldsneyti****(87/219/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Tilskipun 75/716/EBE <sup>(4)</sup> skuldbindur aðildarríkin til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að einungis sé hægt að setja gasolíur á markað innan bandalagsins ef brennisteinsmagn í þeim fer ekki upp fyrir tiltekin mörk.

Í umræddri tilskipun er kveðið á um að framkvæmdastjórninni sé heimilt, þegar við á, að semja viðeigandi tillögur, sérstaklega um breytingar á hæstu leyfilegu mörkum fyrir brennisteinsmagn í gasolíum, sem taka mið m.a. af þeirri loftmengun sem stafar af brennisteinsdíoxíði.

Í hverri umhverfisverndaráætlun Evrópubandalaganna <sup>(5)</sup> af annarri er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma í veg fyrir og draga úr loftmengun.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. C 205, 14. 8. 1985, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. C 283, 10. 11. 1986, bls. 108.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. C 344, 31. 12. 1985, bls. 22.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 307, 27. 11. 1975, bls. 22.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1, Stjútíð. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls. 1 og Stjútíð. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

Enn fremur gerðist bandalagið, í krafti ákvörðunar 81/462/EBE <sup>(6)</sup>, aðili að samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa þar sem sérstaklega er kveðið á um áætlanagerð og stefnumörkun sem miða að því að takmarka og, að því marki sem unnt er, draga úr og koma í veg fyrir loftmengun stig af stigi.

Í ljósi þeirra umhverfisspjalla sem losun brennisteinsdíoxíðs veldur, þar með talin losun sem stafar af gasolíunotkun, er knýjandi þörf á að draga úr þessari losun hvar sem því verður við komið.

Við hæfi er að ákveða nýtt hámark fyrir brennisteinsmagn í gasolíum eins og mælt er fyrir um í tilskipun 75/716/EBE.

Aðildarríkin ættu einnig, við tilteknar afmarkaðar aðstæður, að geta krafist þess að tiltekin mörk gildi, sem eru lægri en hámark það sem kveðið er á um.

Endurskoða ber framkvæmd tilskipunar þessarar að hæfilega löngum tíma liðnum.

Að draga úr brennisteinsmengun stuðlar að því að koma fram einu af markmiðum bandalagsins um verndun umhverfis og úrbætur á því. Hins vegar er ekki skýrt kveðið á um nauðsynlegar heimildir til þess í sáttmálanum og verður því einnig að skírskota til 235. gr.

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB nr. L 171, 27. 6. 1981, bls. 11.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 75/716/EBE:

1) Í stað 1. og 2. gr. komi eftirfarandi:

## „1. gr.

1. Í tilskipun þessari merkir gasolía allar jarðolíuafurðir sem falla undir tollskrárnúmer 27.10, undirlið C I í sameiginlegu tollskránni (útgáfunni frá 10. desember 1984) eða allar jarðolíuafurðir sem vegna eimingarmarkna sinna flokkast undir meðalléttar olíur sem ætlaðar eru til notkunar sem eldsneyti og að minnsta kosti 85% af rúmmáli þeirra eimast við 350°C, að meðtöldu tapi í eimingu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um gasolíur:

- sem notaðar eru í skipum;
- sem eru á eldsneytisgeymum skipa í siglingum á vatnaleiðum eða vélknúinna ökutækja í förum frá einu svæði til annars eða yfir landamæri milli lands utan bandalagsins og aðildarríkis.
- sem nota á í vinnslu í hreinsunariðnaðinum.

## 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að aðeins sé hægt að setja gasolíur á markað innan bandalagsins ef magn brennisteinssambanda, gefið upp sem brennisteinn, fer ekki yfir 0,3% af þyngd frá 1. janúar 1989 að telja;

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að gera tillögu um breytingar, í samræmi við skilmála sem tilgreindir eru í sáttmálanum, á brennisteinssmagn sem tilgreint er í 1. mgr., ef kröfur í umhverfismálum eða aðferðir við hreinsun brennisteins úr eldsneyti taka umtalsverðum breytingum eða ef verulegar breytingar verða á efna-hagsástandi innan bandalagsins hvað varðar öflun hráolíu.

3. Reynist aðildarríki erfitt að standa við hámark það sem gildir fyrir brennisteinssmagn í gasolíu, vegna skyndilegra breytinga á hráolíubirgðum eða birgðum af jarðolíuafurðum, er aðildarríkinu heimilt að leyfa hærri mörk á yfirráðasvæði sínu í fjóra mánuði eftir að hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um það. Ráðinu er heimilt að lengja fyrrnefnt tímabil með ákvörðun sem tekin er með auknum meirihluta að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni.“

2) Í stað 4. – 7. gr. komi eftirfarandi:

## „4. gr.

Aðildarríkjunum er óheimilt, samanber þó 5. gr., að banna, takmarka eða hindra markaðssetningu gasolía sakir brennisteinssinnihalds þeirra frá og með dagsetningum sem heimila notkun og tilgreindar eru í 2. gr.,

með viðeigandi tilliti til 3. gr., svo fremi þessar gasolíur uppfylli skilyrði tilskipunar þessarar.

## 5. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast notkunar gasolía með brennisteinssinnihaldi sem jafngildir 0,2% af þyngd:

- á svæðum sem þau hafa ákveðið í 4. gr. tilskipunar ráðsins 80/779/EBE frá 15. júlí 1980 um viðmiðunarmörk fyrir loftgæði og leiðbeiningagildi fyrir brennisteinssíoxíð og svífryk<sup>(1)</sup> eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals;
- í öllum tilvikum þar sem 5. gr. sömu tilskipunar gildir;
- þar sem umhverfisspjöll eða tjón á þjóðararfleifð, sem stafar af heildarlosun brennisteinssíoxíðs, kalla á að brennisteinssmagn í gasolíu sé tiltekið lægra gildi en það sem kveðið er á um í 2. gr.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem þau hyggjast gera að því er varðar 1. mgr. og um ástæður fyrir þessum ráðstöfunum.

Óheimilt er að banna markaðssetningu á öllum gasolíum með lægra en 0,2% brennisteinssinnihald.

## 6. gr.

Framkvæmdastjórnin fylgist með áhrifum þeim sem beiting tilskipunar þessarar hefur í för með sér.

Framkvæmdastjórnin leggur skýrslu fyrir ráðið ásamt viðeigandi tillögu með það fyrir augum að taka upp eitt gildi í síðasta lagi þremur árum eftir birtingu<sup>(2)</sup> tilskipunar þessarar, í ljósi allra nýrra tiltækra upplýsinga um brennisteinssíoxíðmengun sem mælt hefur í andrúmslofti, um hvernig áfram miðar að skilgreina markmið fyrir loftgæði, um ástand umhverfis og um skaðvænleg áhrif loftmengunar og um ástand á gasolíumarkaðinum.

Ráðið skal greiða atkvæði um tillögu framkvæmdastjórnarinnar fyrir 1. desember 1991 í samræmi við ákvæði sáttmálans.

## 7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera sérstakar ráðstafanir til þess að með sýnatökum verði fylgst með brennisteinssmagn í gasolíum sem settar eru á markað.

2. Aðferðin, sem beita skal til þess að ákvarða brennisteinssmagn í gasolíum sem settar eru á markað, er skilgreind með aðferð IP 336. Tölfræðilegar túlkningar á niðurstöðum úr athugunum, sem gerðar eru til að ákvarða brennisteinssmagn í gasolíum sem settar eru á markað, skulu fara fram samkvæmt staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (útgáfunni frá 1979).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Tilskipun þessi var birt aðildarríkjunum 2. apríl 1987.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að framfylgja tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1988. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórninni berist ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. mars 1987.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
P. DE KEERSMAEKER  
*forseti.*